

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi,
nr. 16/2000, með síðari breytingum (ný kynslóð kerfisins).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Valgerði Mariú Sigurðardóttur frá innanríkisráðuneytinu og Pál Heiðar Halldórsson og Björn Hall-dórsson frá ríkislögreglustjóra. Umsögn barst frá ríkislögreglustjóra.

Markmið frumvarpsins er að innleiða þjár Schengen-gerðir sem nauðsynlegt er talið að innleiða svo að Ísland uppfylli þær alþjóðlegu skuldbindingar sem það undirgekkst með þátttöku í Schengen-samstarfinu. Auk þess eru lagðar til tvær breytingar varðandi eftirlits-hlutverk Persónuverndar vegna skráningar í Schengen-upplýsingakerfið.

Breytingarnar sem framangreindar gerðir hafa í för með sér á nágildandi lögum eru til komnar vegna gangsetningar á nýrri kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins. Þær fela í sér að fjölgað er tegundum upplýsinga sem hægt er að skrá inn í Schengen-upplýsingakerfið. Helsta nýjungin er skráning fingrafara og mynda af eftirlýstum einstaklingum auk skráningar evrópskrar handtökuskipunar í þeim tilvikum þegar slík handtökuskipun hefur verið gefin út af þar til bæru yfirvaldi Schengen-ríkis. Þá er gert ráð fyrir þeirri nýjung að heimilt verði að tengja skráningar í kerfinu og með því komið á venslum milli tveggja eða fleiri skráninga í kerfið.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að við 3. mgr. 18. gr. laganna bætist ákvæði er varðar skyldu ríkislögreglustjóra til að bregðast við athugasemdum og fyrirmælum Persónuverndar þegar í stað og eigi síðar en innan þriggja mánaða. Markmið breytinganna er að treysta eftirlitshlutverk Persónuverndar gagnvart ríkislögreglustjóra, auk þess sem ákvarðanir ríkislögreglustjóra megi bera undir úrskurð Persónuverndar. Í umsögn ríkislögreglustjóra komu fram athugasemdir varðandi eftirlitshlutverk Persónuverndar. Bent var á að það væri almennt viðurkennd réttarregla að kæra eigi ákvörðun stjórnvalda til æðra stjórnvalds, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en Persónuvernd væri ekki æðra stjórnvald gagnvart ríkislögreglustjóra í skilningi stjórnsýslulaga. Óumdeilt væri að innanríkisráðuneytið væri hið æðra stjórnvald gagnvart ríkislögreglustjóra og því væri eðlilegra að ákvarðanir ríkislögreglustjóra sættu kæru þangað fremur en til Persónuverndar. Meiri hlutinn bendir á að 5. gr. frumvarpsins er til komin vegna þess að skort hefur á heimildir Persónuverndar til þess að geta knúið fram nauðsynlegar úrbætur vegna þess sem betur má fara við starfrækslu Schengen-upplýsingakerfisins, auk þess sem skort hefur á valdheimildir Persónuverndar til að taka bindandi ákvarðanir. Meiri hlutinn áréttar að með frumvarpinu er ekki lögð til breyting á viðurkenndri réttarreglu stjórnsýslulaga um að ákvarðanir lægra stjórnvalds séu kærانlegar til æðra stjórnvalds, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga. Með 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um framkvæmd eftirlitshlutverks Persónuverndar, sbr. m.a. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sem m.a. kveður á um að Persónuvernd úrskurði í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi,

hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna. Kæruréttur skv. b- lið 5. gr. frumvarpsins nær einungis til ákvarðana sem eru teknar á grundvelli 13.–15. gr. laga nr. 16/2000 og er það mat meiri hlutans að eðlilegt megi telja að þær sæti kæru til Persónuverndar en ekki innanríkisráðuneytisins, enda varða þær ákvarðanir um skráningu og vinnslu persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu. Meiri hlutinn áréttar jafnframt að Ísland hefur í tvígang fengið athugasemd við það fyrirkomulag að umræddar ákvarðanir séu samkvæmt nágildandi lögum kæranlegar til innanríkisráðuneytisins en ekki Persónuverndar, en athugasemdirnar voru gerðar af föstu eftirlitsnefndinni með Schengen-samstarfinu í kjölfar úttekta árið 2005 og árið 2011. Vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu er Ísland skuldbundið til að áréttu hlutverk Persónuverndar líkt og lagt er til með frumvarpinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 24. febrúar 2015.

Unnur Brá Konráðsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir Páll Valur Björnsson.
form. frsm.

Elsa Lára Arnardóttir. Guðbjartur Hannesson. Jóhanna María Sigmundsdóttir.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir. Vilhjálmur Árnason.